



## 6. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS HALDINN 4. - 5. MARS 2016 Á AKUREYRI

**Mætt eru** Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Gunnar Gunnarsson (GG), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

**Forföll boðuðu:** Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnhildur Högnadóttir (RH), Björn Grétar Baldursson (BGB) og Kristinn Óskar Grétarsson (KÓG).

- 1. FUNDUR SETTUR KL. 17:00.**
- 2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.** AIP fór yfir stöðu mála, helstu mál eru starfsmannamál, Lýðháskólamál, Hreyfivika UMFÍ og markaðsmál.
- 3. Framkvæmdastjórnarfundargerðir nr. 3 og 4.** Samþykktar.
- 4. Landsmót UMFÍ.** Ómar Bragi Stefánsson kynnti hugmyndir vinnuhóps um Landsmót. Stjórn samþykkir að færa 28. Landsmót UMFÍ yfir á árið 2018. Jafnframt verði Landsmót UMFÍ 50+ haldið samhliða mótinu það ár.
- 5. Stýrihópur Felix.** GG og HeJ skipaðir fulltrúar UMFÍ í hópnum.

Hlé gert á fundinum kl. 19:30.  
Fundi framhaldið kl. 20:30.

Bjarnveig Ingvadóttir formaður UMSE og Sigurður Magnússon formaður UFA komu inn á fundinn á milli liða. Umræður um starf ungmennafélaga á svæðinu.

- 6. Málefni Lauga í Sælingsdal.** AIP fór yfir málefni Ungmenna- og tómstundabúðanna á Laugum. Erindi frá forstöðumanni búðanna lagt fram til kynningar. Einnig farið yfir upplýsingar frá fjármálastjóra um rekstur búðanna síðastliðin ár. AIP falið að fá frekari upplýsingar um verkferla, tryggingamál og fleira og hafa samband við sveitastjóra Dalabyggðar um gildandi leigusamning UMFÍ við sveitarfélagið.
- 7. Stefnumótunarvinna.** Vinnan er á lokastigum, stefnt að því að ljúka verkinu fyrir næsta stjórnarfund. Stefnan verði síðan kynnt á vofundi UMFÍ.
- 8. Vorfundur.** Undirbúningur kominn af stað.
- 9. Endurskoðun, tilboð.** Ákveðið að ganga til samninga við BDO endurskoðun.
- 10. Bílamál hreyfingarinnar.** Rætt um framkomin tilboð. Nokkur tilboð vantar, framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

Fundi frestað kl. 23:35.

Fundi framhaldið kl. 09:20.

**11. Tjaldamál.** AIP fór yfir tillögu Ómars Braga Stefánssonar landsfulltrúa. Ákveðið að kaupa tjald sem er 18,6 x 27,7 m. að stærð.

## **12. Önnur mál**

- a. AIP lagði fram kauptilboð sem borist hefur í húsnæði UMFÍ. Stjórn ákveður að ganga ekki að tilboðinu.
- b. GG ræddi umsóknir í Fræðslu- og verkefnasjóð. Umræða um styrkveitingar úr sjóðnum.

GG vék af fundi kl. 09:55.

- c. Framkvæmdastjóra falið að svara formlega bréfi frá HSK frá 09.09.2015.
- d. Viðurkenningar hreyfingarinnar ræddar. Stefnt er að því að gera skýrari vinnureglur varðandi veitingu heiðursmerkja UMFÍ. Samþykkt að veita gullmerki UMFÍ.
- e. Farið yfir aðalfundi og ársþing sambandsaðila. Stjórnarmenn reyna að heimsækja sem flesta sambandsaðila.
- f. Stjórn samþykkir að umsóknir í Fræðslu- og verkefnasjóð sem berast 1. apríl og 1. október skuli teknar til umfjöllunnar. Sama gildir um umsóknir í Umhverfissjóð Pálma Gíslasonar sem berast 15. apríl.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:09.  
HrJ ritaði fundargerð.